

Dómsorð:

Stefndi, Hlökkver Ingvarsson, Bergvík, Kjalarneshreppi, greiði stefnanda, Steingrími Þormóðssyni, Stífluseli 5, Reykjavík, kr. 495.700 auk 27% ársvaxta af þeirri fjárhæð frá 1. október 1979 til 1. desember 1979, en með 31% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 106.620 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 20. nóvember 1981.

Nr. 188/1979. **Fínpússning s/f**

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

gegn

Benedikt Guðjónssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Lögtaksmál. Orlof.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr og Benedikt Sigurjónsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. október 1979. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og synjað um framgang hins umbeðna lögtaks. Þá krefst hann málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Ekki er um það deilt í máli þessu, að stefndi eigi rétt á orlofsfé. Gegn andmælum stefnda er ósannað, að aðiljar hafi samið svo um, að orlofsfé væri innifalið í greiðslum þeim, sem áfrýjandi innti af hendi til stefnda og miðuðust við unnin verk, en ekki tímalengd. Ekki verður talið, að stefndi hafi firrt sig rétti til að hafa uppi kröfur þessar með drætti á að hefjast handa um heimtu fjár þessa. Samkvæmt þessu

og að öðru leyti með skírskotun til hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann, en eigi er deilt um fjárhæðir.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 2.500.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Fínpússning s/f, greiði stefnda, Benedikt Guðjónssyni, 2.500.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógætaréttar Reykjavíkur 10. september 1979.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar hinn 22. ágúst sl. eftir munnlegan flutning, hefur gerðarbeiðandi, Benedikt Guðjónsson, Kársnesbraut 77, Kópavogi, krafist þess, að lögtak fari fram hjá gerðarþola, Fínpússningu s/f, Dugguvogi 6, Reykjavík, til tryggingar kr. 381.192 ásamt 3% mánaðarvöxtum af kr. 254.994 frá 1. maí 1978 til 1. maí 1979 og með 3% mánaðarvöxtum frá þeim degi af kr. 381.192 til 1. júní 1979 og með 4% mánaðarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, innheimtukostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ auk kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð.

Gerðarþoli hefur krafist þess, að synjað verði um framgang lögtaksins, en til vara, að synjað verði um lögtak fyrir vaxta-greiðslum.

Aðiljar hafa hvor um sig krafist málskostnaðar.

Málavextir eru þeir, að árið 1977 tók gerðarþoli að sér fyrir Ísal, Straumsvík, að mala raflausnarefni. Verkefni þetta var unnið í akkorðsvinnu af 2 til 3 mönnum skv. munnlegum ákvæðisvinnusamningi. Efni samningsins var við hvern mann, að hann fengi greidda ákveðna upphæð fyrir hvert tonn, sem malað eða hreinsað væri.

Gerðarbeiðandi var einn þessara manna, og vann hann hjá gerðarþola frá ársbyrjun 1977 og fram til júlí 1978. Hluta vinnu sinnar vann hann við þessa ákvæðisvinnu, en að öðru leiti var um tímavinnu að ræða. Ofan á tímavinnukaup fékk gerðarbeiðandi greitt orlof, en ekki á ákvæðisvinnukaupið.

Með bréfi, dagsettu 17. apríl 1979, var gerðarþoli krafinn um

greiðslu orlofs af ákvæðisvinnukaupi á grundvelli eftirfarandi sundurliðunar á ákvæðisvinnulaunum:

Launagreiðslur árið 1977	kr. 3.061.151
Launagreiðslur árið 1978	— 1.514.976

Vangreitt orlof skv. þessu er því að mati gerðarbeiðanda kr. 254.994 vegna ársins 1977 og vegna ársins 1978 kr. 126.198.

Gerðarbeiðandi kveður sér hafa verið tjáð, að ekki væri greitt orlof á ákvæðisvinnukaupið. Hann hafi látið þetta átölulaust, þar til honum hafi verið bent á rétt sinn til orlofsgreiðslna af lögmanni sínum. Gerðarbeiðandi neitar alfarið, að gerðarþoli hafi minnst á það við sig, að orlof skyldi vera innifalið í ákvæðisvinnugreiðslum. Varla hafi heldur verið á þetta minnst við starfsfélaga hans, þar sem þeir hafi núna gert kröfu til orlofsgreiðslna. Enn fremur bendir gerðarbeiðandi á, að orlofsgreiðslur beint til launþega brjóti í bága við 11. gr. laga nr. 87/1971, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 150/1972.

Gerðarþoli kveður það í samræmi við hinn munnlega samning milli sín og gerðarbeiðanda, að orlof var greitt á tímavinnu hans, en ekki á ákvæðisvinnuna, þar sem þar hafi það verið innifalið. Gerðarbeiðandi hafi aldrei gert athugasemd við þetta, enda ekki ástæða til vegna hins munnlega samnings.

Gerðarþoli lítur svo á, að gerðarbeiðandi hafi verið undirverk-taki hjá sér, þar sem í þeirri föstu fjárhæð, sem greidd var fyrir ákvæðisvinnuna, hafi allt verið innifalið, svo sem orlof, veikinda-dagar o. s. frv., en hann hafi svo aftur verið aðalverktaki hjá Ísal. Það hafi því verið árangurinn af vinnu gerðarbeiðanda, sem skipti máli. Þar sem orlof hafi verið innifalið, hafi hann fengið það greitt og ekki sé meining löggjafans, að orlof sé tvíborgað, slíkt sé ólögmæt auðgun. Það, að orlof sé ekki greitt í samræmi við reglugerðarákvæði, rétlæti ekki tvíborgun.

Gerðarþoli telur mál þetta velta nokkuð á því, hvort unnt sé að sanna sína staðhæfingu. Þetta geti hann gert með vitnum, sem hann fái ekki komið að í málinu sökum réttarfars fógetaréttar. Málinu beri því að vísa til bæjarþings, þar sem krafan á hendur sér sé ekki ótvíræð, klár, glögg. Krafan verði að vera ljós eins og dómur, svo fógetaréttur sé bær til að úrskurða um hana.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 87/1971, sbr. lög nr. 29/1885, má taka vangreitt orlofsfé lögtaki. Krafa sú, sem um er deilt í máli þessu, er því lögtakskrafa. Um slíkar kröfur er svo farið, að þær eru af löggjafa taldar mjög skýrar og ákveðnar. Verður því að

krefjast þess, að sá, sem mótmælir réttmæti þeirra, eigi um það sönnunarbyrði.

Í máli þessu verður að telja það fullvíst, að gerðarþoli hafi ætlast til, að orlofsfé væri innifalið í ákvæðisvinnugreiðslum hans til gerðarbeiðanda á árunum 1977 og 1978. Það hefur samt ekki verið leitt í ljós, að gerðarbeiðandi hafi samþykkt það eða verið um það kunnugt. Hefur gerðarþola því ekki lánast sú sönnun, sem krefjast verður gegn lögtakskröfu. Slíkur greiðslumáti hefði svo og brotið í bága við ákvæði 11. gr. laga 87/1971, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 150/1972 um orlof. Verður af þessum ástæðum að taka til greina kröfu gerðarbeiðanda, og verður lögtak látið fara fram hjá gerðarþola í samræmi við kröfugerð gerðarbeiðanda að öðru leiti en því, að dráttarvaxtakrafan er ekki tekin til greina, þar sem ekki verður séð, að henni fylgi lögtaksréttur.

Málskostnaður ákveðst kr. 60.000.

Ólafur Sigurgeirsson, fulltrúi yfirborgarfégeta, kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Lögtak skal fara fram hjá gerðarþola, Fínpússningu s/f, til tryggingar kr. 381.192 ásamt 19% ársvöxtum af kr. 254.994 frá 1. maí 1978 til 1. maí 1979 og með 19% ársvöxtum frá þeim degi af kr. 381.192 til 1. júní 1979 og með 22% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 60.000 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudagurinn 23. nóvember 1981.

Nr. 236/1981. Ákærvaldið

gegn

Birgi Kristjánssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr og Logi Einarsson.